



Menningarsókn

Aðgerðaáætlun til 2030

Útgefandi:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

September 2021

www.mrn.is / mrn@mnr.is

Myndir: Skapti Halldórsson, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Jónatan Grétarsson fyrir ÍD.

Menningarsókn

Menningarstefna Íslands hefur lengi verið menningarlífi landsins kröftugur meðbyr og leiðarvísir. Hún var gefin út 2013 og hefur síðan verið til leiðsagnar mörgum sveitarstjórnunum og stofnunum við móturn stefnu í málefnum lista og annarrar menningarstarfsemi.

Barnamenning er ein af aðaláherslum stefnunnar og því var gerð áætlun um verkefni á því sviði árið 2014. Fyrir vikið hefur blómleg barnamenning sett svip sinn á íslenskt menningarlíf og víða um land fer fram öflugt barnastarf á ýmsum sviðum menningar og lista.

Þessi aðgerðaráætlun inniheldur 18 aðgerðir sem styðja markmið menningarstefnu, en jafnframt felur hún í sér ný markmið og nýjar áskoranir.

Fimm meginmarkmið liggja til grundvallar í Menningarsókn til ársins 2030:

- Aðgengi og þátttaka**
- Traust staða í síbreytilegum heimi**
- Menntun og menning**
- Stjórnsýsla- og sjóðakerfi**
- Alþjóðlegt menningarsamstarf**

Frá þeim tíma sem menningarstefna Íslands var samþykkt hafa ýmsar breytingar átt sér stað í íslensku samfélagi.

Ísland er orðið fjölmenningarsamfélag og því fylgja mörg ný úrlausnarefni, og brýnt er að fjölbreytt samsetning íbúa landsins endurspeglist í menningarlífinu. Ein af forsendum aðgerðáætlunarinnar er að allir íbúar landsins geti notið réttinda sinna til að vera virkir þátttakendur í lista- og menningarlífinu.

Upplýsingatækni hefur umbylt menningu samtímans. Stafræn miðlun hefur tekið stórstigum framförum og aukið til muna samstarf þvert á listgreinar. Stafræn miðlun er mikilvægur þáttur í bættu aðgengi að menningu og hefur skapað nýja möguleika til sköpunar og endurnýjunar í lista- og menningarlífinu. Gervigreind er nú þegar notuð í listsþópur en mörgum krefjandi spurningum um mörk sköpunar og tækni, höfundarrétt og annað í því sambandi er ósvarað.

Á Íslandi er víðtækt stuðningskerfi fyrir listamenn. Stjórnvöld skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs. Starfsumhverfi listamanna hefur þróast mikið á undanförnum árum og leitt til þess að rétt sé að huga sérstaklega að úrbótum í því efni.

Menning og list þífast í alþjóðlegu samstarfi. Stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki við að stuðla að þáttöku í fjölbreyttu alþjóðlegu menningarsamstarfi og listviðburðum á öllum sviðum.

Menningarsókn, aðgerðaráætlun til 2030, var mótuð í mennta- og menningarmálaráðuneyti á árunum 2018-2021. Aðgerðaráætlunin var unnin í samvinnu við fjölbreyttan hóp úr menningargeiranum og listalífinu, þá voru haldnar ráðstefnur og forstöðumannafundir til að kalla fram frekari umræður.

Ráðherra setti einnig fjölmennan starfshóp á laggirnar til að rýna verkefnið nánar. Formaður starfshópsins var Guðrún Sóley Gestsdóttir dagskrárgerðarkona en hann skipuðu, auk fulltrúa ráðuneytisins:

- Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs,
- Vigdís Jakobsdóttir listrænn stjórnandi Listahátiðar í Reykjavík,
- Stefán Eiríksson útvarpsstjóri,
- Sigtryggur Baldursson framkvæmdastjóri ÚTÓN,
- Þórgnýr Dýrfjörð forstöðumaður Akureyrarstofu
- Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður,
- Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri,
- Laufey Guðjónsdóttir forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands,
- Karl Águst Úlfsson formaður Rithöfundasambands Íslands,
- Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður,
- Hlynur Páll Pálsson framkvæmdastjóri Íslenska dansflokkssins,
- Harpa Þórsdóttir safnstjóri Listasafns Íslands,
- Erling Jóhannesson forseti Bandalags íslenskra listamanna,
- Bragi Valdimar Skúlason formaður Félags tónskálda og textahöfunda.



Kröftugt menningarlíf, okkar allra

Íslensk menning er óneitanlegt afl – lifandi og litrík. Hún umlykur okkur á hverjum degi; gleður hug og hjarta, tendrar tilfinningar, vekur okkur til umhugsunar og hrífur okkur með sér. Menningin er leið okkar til þess að skynja og skilja heiminn og þar með okkur sjálf.

Samfélagið er í stöðugri þróun, sér í lagi hvað varðar fjölmenningu. Menningarleg fjölbreytni þjóðarinnar verður að endurspeglast í öllu menningarlifi okkar. Þess vegna er lögð sérstök áhersla á að efla fjölmenningu til næstu 10 ára. Fjölbreytt menningarlíf er lykillinn að almennri velsæld og stuðlar að jöfnuði og lífsfyllingu í samfélaginu.




Eitt það mikilvægasta sem hægt er að gera til þess að efla menningarlæsi í landinu til framtíðar og standa vörð um tungumálið okkar, er að tryggja aðgengi barna og ungmenna að menningarupplifunum við þeirra hæfi. Menntun er lykill að tækifærum framtíðar, og öflugt listnám á öllum skólastigum skapar jarðveg fyrir blómstrandi menningu.

Rannsóknir og miðlun á menningararfí og menningarminjum er einnig stórt skref sem taka þarf til að efla vitund landsmanna um sögulegt samhengi og styrkja sjálfsmynd landsmanna. Stafræn bylting hefur fært okkur nær hvert öðru, og gjörbreytt upplifunum. Stafræn miðlun menningarefnis getur til að mynda tryggt jafnara aðgengi, og því ber okkur að efla tækní- og sjálfbærar lausnir sem munu drífa samfélagið og atvinnulífið áfram.

Fjölbreytt menningarstarfsemi er einmitt lykilþáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og mun vega enn þyngra í framtíðinni. Íslensk menning hefur líka víðtæk afleidd áhrif í efnahagslegu tilliti, m.a. í öðrum atvinnugreinum líkt og ferðaþjónustu, hugvits- og tæknigreinum, menntun og þjónustu.

Menningarsókn, aðgerðaáætlun til 2030, er öflug áætlun sem mun halda áfram styrkja stoðir íslenskrar menningar. Henni er er ætlað að tryggja það að hugað sé að fjölbreytileika, mannréttindum og efnahagslegum verðmætum í íslensku menningarlifi.

Íslenskt menningarlíf er jú fyrir okkur öll, og af því getum við verið stolt.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Guðrún Óskarsdóttir".

AÐGENGI OG ÞÁTTAKA

Markmið I. Listir um land allt

Að stuðla að jöfnu aðgengi um land allt, fjölbreyttari valkostum fyrir atvinnufólk í listum, fleiri tækifærum til þátttöku í menningarstarfi og ríkara framboði viðburða.

Áhersla verði lögð á að endurspeglar fjölbreytileika þeirra sem hér búa á sviði menningar og listar og tryggi þeim stað í framlínu íslensks menningarlífss. Rutt verði úr vegi hindrunum sem erlendir listamenn hérlandis kunna að mæta við störf og miðlun listsköpunar sinnar. Auka skuli miðlun og aðgengi að list og menningu til að sporna gegn menningarlegri aðgreiningu.

Menningarstofnanir leitist við að skilgreina sérstaklega hlutverk sitt gagnvart mismunandi hópum samfélagsins.

Menningarstofnanir og aðrir sem njóta opinbers stuðnings til lista- og menningarstarfsemi verði hvattir til að skipuleggja starfsemi sína með tilliti til allra hópa samfélagsins þannig að allir eigi greiðan aðgang óháð félagslegum bakgrunni og efnahag.

Kynningarstarfsemi listalífs og menningarstofnana miði að öllum samfélaghópum og notast verði við miðlunarleiðir sem ná til breiðs hóps til að kynna valkosti og möguleika á menningarneysslu og -þátttöku. Mismunandi aðferðum verði beitt til að miðla upplýsingum til ungs fólks, eldra fólks, fatlaðs fólks, fólks af erlendum uppruna og annarra hópa.

Börn og ungmenning hafi forgang sem þáttakendur og neytendur í íslensku menningarlifi og barnamenning verði stór hluti þess. Víða um land fari fram öflugt barnastarf á ýmsum sviðum menningar og listar. List og menningu verði miðlað til allra barna þegar á fyrstu stigum skólagöngu til að þeim gefist tækifæri til að upplifa list og menningu.

Markmið þetta endurspegli fjölbreytta samsetningu þjóðarinnar og þá ólíku alþjóðlegu menningu sem hér þrífst.





- **Aðgerð 1.** Áætlun gerð um að efla menningarstarfsemi um allt land byggð á úttekt og greiningu starfshóps.

Hlutverk starfshópsins er meðal annars að:

- Gera úttekt á árangri á fyrirkomulagi menningar innan sóknaráætlana og uppbyggingarsjóðs með hliðsjón af uppbyggingu menningarlífs og atvinnutækifæra á landsbyggðinni.
- Greina hvernig styrkja megi menningarlega innviði og efla atvinnustarfsemi í menningu og listum á landsbyggðinni.
- Skoða hvernig auka megi þátttöku atvinnulífs á landsbyggðinni til uppbyggingar menningarlífs.

Gerð verður aðgerðaráætlun á grunni niðurstaðna í samstarfi við alla hlutaðeigandi sem mun miða að því að auka sýnileika menningar og lista á landsbyggðinni, ásamt því að stuðla að jöfnu aðgengi um land allt.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

- **Aðgerð 2.** List fyrir alla verður varanlegt verkefni.

Verkefnið **List fyrir alla** verður fest í sessi. Tryggja þarf samfelli í verkefninu til framtíðar svo allir aldursþópar í leik- og grunnskólum fái tækifæri til að upplifa að minnsta kosti two listviðburði á ári fyrir tilstilli verkefnisins **List fyrir alla**. Listheimsóknir eiga að verða sjálfsagður hluti skólastarfs á meðan skólastylda varir og leitast er við að reglulegir listviðburðir verði eðlilegur hluti af daglegu lífi barna og ungmenna. Listverkefnin verða að endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Markmið II. Fjölbreytt og opið menningarlíf

Að menningin endurspeglí breiðan hóp og þátttaka og aðgengi allra sé tryggð sem best má.

Menningarstofnanir starfi fyrir alla landsmenn og stuðli að auknu jafnræði milli íbúa landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis til að njóta, upplifa og taka þátt.

Unnið verði að uppbyggingu innviða og atvinnulífs menningar utan höfuðborgarsvæðisins.

Stjórnvöld leggi áherslu á árangursríkt samstarf við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra á sviði menningarmála og hvetji þau til að taka höndum saman um einstök menningarverkefni. Stjórnvöld hlúi jafnframt sérstaklega að þeim svæðum sem síst geta notið þjónustu frá helstu menningarstofnunum.

Menningarstofnanir leggi áherslu á þátttöku allra íbúa landsins með lifandi og áhugaverðri framsetningu á viðfangsefnum sínum og starfsemi um allt land.

Allir íbúar landsins skuli eiga kost á því að njóta listar og annarrar menningar án tillits til búsetu eða annarra aðstæðna.

- **Aðgerð 1. Rannsókn um menningarneyslu og -þátttöku.**

Standa að ítarlegri rannsókn um menningarneyslu og -þátttöku landsmanna. Brýnt er að greina hvaða hópum er ekki mætt í íslensku lista- og menningarlíf og hvers vegna. Gerð verði aðgerðaráætlun á grunni niðurstaðna í samstarfi stofnana og grásrótar í menningarlífinitu.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Hagstofa Íslands

- **Aðgerð 2. Aðgengismál greind.**

Starfsemi menningarstofnana og menningarsjóða verði greind með tilliti til aðgengis, þar á meðal verkefnaval, orðfæri í auglýsingum og kynningum og aðgengi að byggingum. Niðurstöður stuðli meðal annars að því auðvelda menningarstofnunum að efla aðgengi og að tileinka sér nýjar miðlunarleiðir og ná til allra samfélagshópa.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Bandalag íslenskra listamanna og Rannís.

TRAUST STAÐA Í SÍBREYtilegum heimi

Markmið I. Menningarverðmæti, varðveisla og miðlun

Að hlúa að innviðum á sviði menningararfs. Auka þarf aðgengi og vitund þjóðarinna um menningarverðmæti og -arf Íslands.

Skráning menningarminja og menningarefnis með nútímalegum vinnubrögðum, samræmingu og stöðlun verði efla til að veita þekkingu á þeim menningararf landsins og gefa færi á verndun til framtíðar, aðgangi almennings og frekari rannsóknum.



Metið verði hvaða menningararfur landsins er helst í hættu, t.d. af völdum loftslags- og náttúrvárv. Lögð veðri áhersla á að skrá og rannsaka þann hluta menningararfsins sem telst forgengilegur og setja það sem skal verja í forgang.

Forgangsmál verði að tryggja öryggi menningarverðmæta með aðstöðu sem uppfylli kröfur nútímans. Jafnframt verði hlúð að stafrænum innviðum.

- **Aðgerð 1. Stórsókn í yfirlæslu, varðveislu og aðgengi að menningarefninum.**

Hefja skal sókn í yfirlæslu, varðveislu og aðgengi að menningarefninu þar á meðal hljóð- og myndefni, með sérstöku fjárveitingarátaki.

Í samvinnu við Stafrænt Ísland verði öllu stafrænu efni menningarstofnana komið fyrir í gagnaverum samkvæmt stöðlum og viðmiðunum um varðveislu og aðgengi.

Áfram verði unnið að samvinnu þeirra aðila sem varðveita kvíkmynda- og sjónvarpsefni um miðlun, afnot og aðgengi að því efni.



Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsmálaráðuneyti, viðkomandi stofnanir og opinber fyrirtæki.

- **Aðgerð 2. Átaksverkefni stjórvalda til heildarskráningar og varðveislu menningarminja.**

Unnið skal að heildarskráningu menningarminja í landinu. Minjastofnun Íslands verði falið að gera áætlun um framkvæmd verkefnisins og skal því verki lokið eigi síðar en 2030.

Öryggi menningarminja í vörlu opinberra stofnanna verði tryggt með aðstöðu sem uppfyllir kröfur nútímans.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og viðkomandi stofnanir.

Markmið II – Höfundarréttarmál

Stjórnvöld marka sér skýra höfundaréttarstefnu.

Stutt verði við listamenn til að þeir geti aflað sér tekna með listsköpun og sköpun menningarverðmæta sem allir njóti. Stjórnvöld stuðli að jafnvægi á milli hagsmunaréttar og notenda og tryggi að höfundalög taki til tækninýjunga á hverjum tíma. Fræðsla verði eflað til að auka skilning og vitund um mikilvægi höfundaréttar sem undirstöðu menningar.



- **Aðgerð 1. Höfundaréttur til framtíðar.**

Höfundaréttarstefna verður unnin í samráði við höfundaréttarnefnd og höfundaréttarráð. Í stefnunni verði m.a. kveðið á um fræðslu, áhrif nýrrar tækni, t.d. gervigreindar, á stöðu höfunda, réttláta og skilvirka samningagerð til að tryggja endurgjald til höfunda og flytjenda og um leið einfaldan aðgengi að menningarefnini, úrræði vegna framfylgdar réttinda, mikilvægi alþjóðasamstarfs og stefnu þar að lútandi, og tillögur að aðgerðum á mismunandi sviðum höfundaréttar.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- **Aðgerð 2. Stafrænn stöðugleiki.**

Lagaleg staða íslenskra höfunda og flytjenda gagnvart streymisveitum verði styrkt til framtíðar með bættri löggjöf, s.s. vegna tónlistar, kvikmynda, tölvuleikja og annarra. Þá þarf að tryggja réttlátt endurgjald fyrir notkun.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti



MENNTUN OG MENNING


Markmið I. Fræðsla og menningarlæsi eflt

Efla þarf list- og menningarlæsi nemenda á öllum skólastigum, t.d. með því að veita þeim fjölbreytta möguleika á að upplifa og njóta lista og menningar, gefa þeim kost á að reyna við mismunandi listgreinar, hvetja til sköpunar og stuðla að skilningi og virðingu fyrir fjölbreyttri menningu íbúa landsins.

Stuðlað verði að því að jafna möguleika fólks á öllum aldri til að stunda listnám, ekki síst verði börnum og ungmennum gefinn kostur á að leggja stund á mismunandi listgreinar.

Efla skuli þann þátt skólastarfs sem felst í heimsóknum nemenda á öllum skólastigum í lista- og menningarstofnanir fyrir þroska þeirra og upplifun.

Mennta- og menningarstofnanir leggi áherslu á að stuðla að skilningi og virðingu fólks fyrir mismunandi menningu íbúa landsins og leiði saman ólíka strauma hugmynda og menningar.



- Aðgerð 1. List- og menningarmiðlun.**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipuleggur ráðstefnuröðina *Menningarland* þrjú ár í senn og fara efnistök eftir áherslumálum hverju sinni. Áherslumál Menningarlanda á árunum 2021-2024 verða *Menntun og menning, Fjölmennung og Tæknibreytingar og þróun*.

Ráðuneytið mun jafnframt standa fyrir, í samvinnu við samtök kennara og menningarstofnana, reglubundnum ráðstefnum þar sem greint verði frá reynslu, þekkingu og nýjungum við list- og menningarfræðslu og -miðlun.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- Aðgerð 2. Samstarfsvettvangur um auknar rannsóknir á sviði menningar og lista.**

Samstarfsvettvangur mennta- og menningarmálaráðuneytis og háskóla- og fræðasamfélagsins verður settur á laggirnar. Haldnir verða reglubundnir samráðsfundir með það að markmiði að byggja brýr milli menningarstofnanna og háskóla- og fræðasamfélagsins og efla rannsóknir í listum og menningu.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og háskóla- og listastofnanir.



MENNINGARSTJÓRNSÝSLA OG SJÓÐAKERFI

Markmið I. Einfalt og skilvirkrt kerfi

Að efla stjórnsýslu og sjóðakerfi á sviði menningarmála.

Stjórnvöld hagi stuðningi sínum við menningarstarfsemi í samræmi við regluna um hæfilega fjarlægð við úthlutun opinbers fjár til menningarstarfs. Stjórnvöld leggi áherslu á að þeir aðilar sem njóta stuðnings á menningarsviðinu hafi í heiðri vönduð vinnubrögð og bjóði upp á faglega starfsemi og þjónustu.

Stuðningur stjórnvalda snúi einkum að starfsemi atvinnumanna á sviði listar og að varðveislu og miðlun menningararfs.

Stefnumótun og framkvæmd menningarstarfsemi hins opinbera verði unnin á faglegum grunni og tryggt að samfella sé í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Styrkir og starfslaun verði endurskoðuð reglulega í takt við örar breytingar á starfsumhverfi listamanna og annarra sem starfa að menningarmálum, auk þess sem aðgengi að upplýsingum um styrki og stuðning sem er fyrir hendi hverju sinni verði bætt með reglulegu millibili.



- **Aðgerð 1. Einföldun og samræming.**

Starfshópur sérfræðinga á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórnenda úr menningarlífinu gerir tillögur um aðgerðir til að einfalda, samræma og auka skilvirkni í stjórnsýslu og sjóðakerfi á sviði menningarmála.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og

RANNÍS.

- **Aðgerð 2. Stefнur allra listgreina.**

Markaðar verði stefнur fyrir allar listgreinar sem móti skýra framtíðarsýn á hverju sviði.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og BíL.

- **Aðgerð 3. Samráð á sviði menningarmála.**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið á reglubundna samráðsfundi með fulltrúum menningarlífssins þar sem þar sem kannaðar eru leiðir til að tryggja fagmennsku, fjölbreytni og gæði opinberrar menningarstarfsemi o.s.frv.

Áætlað er að halda fjóra fundi á ári.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- **Aðgerð 4. Stefна í innviðaþróun.**

Gerð verður heildarstefna um innviðauppbýggingu og húsnaðismál opinberra menningarstofnana.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti



Markmið II – Uppbygging starfslaunakerfis og starfsumhverfis

Ráðist verði í að bæta starfsumhverfi listamanna og sjálfstætt starfandi innan skapandi greina.

Við gerð úttektar á starfsumhverfi þeirra sem starfa við listir og menningarmál verði horft til þátta á borð við atvinnuleysistryggjingakerfi fyrir blönduð störf (verktöku og launastörf), skattumhverfi listrænnar starfsemi, höfundaréttarmál og sjóðakerfi, ekki síst starfslaunasjóð listamanna.

Í þessu efni verði meðal annars byggt á reynslu Íslands og nágrannalanda til að finna leiðir til að efla starfsumhverfi listamanna.

- **Aðgerð 1. Öflugt og faglegt starfslaunakerfi.**

Starfslaunakerfi listamanna verði endurskoðað. Starfslaunasjóði sé skipt upp í þrjá hluta; s.s. ungliða, launasjóðs og heiðurslauna, með það fyrir augum að auka nýliðun, opna aðgengi fyrir unga listamenn og stuðla að öruggari tekjum til eldri listamanna. Hugað verði að nýjum listgreinum, svo sem kvíkmyndagerð og tölvuleikjagerð. Markmiðið er að stuðla að meiri fjölbreytni í úthlutun, auknu og jöfnu aðgengi milli greina og raunsærri viðmiðum.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- **Aðgerð 2. Réttindi listamanna.**

Starfshópur geri heildarúttekt á stöðu sjálfstætt starfandi listamanna með tilliti til atvinnuleysistrygginga, lífeyrissjóðsmála og annarra félagslegra þátta. Brýnt er að gera úttektina með hliðsjón af framkvæmd hinna Norðurlandanna.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, félags- og barnamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsmálaráðuneyti, Bandalag íslenskra listamanna og fulltrúar atvinnulífsins.



ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSAMSTARF

Markmið I. Sýnileiki og virk þátttaka í alþjóðasamstarfi.

Ísland sé virkur og sýnilegur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi á öllum sviðum menningar og lista sem fari fram bæði erlendis og á Íslandi.

Áhersla verði lögð á virka og faglega þátttöku og tengslamyndun í alþjóðlegu menningarsamstarfi, allt frá ráðuneytum til menningarstofnana, sendiskrifstofa, miðstöðva listgreina, hátíða og listamanna.

Áherslur í alþjóðlegu menningarsamstarfi verði mótaðar á faglegum grunni og leitað samstarfs við þá sem fremstir standa á alþjóðavettvangi á hverju sviði. Framkvæmd alþjóðlegs menningarsamstarfs og þátttaka verði í höndum fagaðila á hverju sviði og byggist á forsendum listgreinanna.

Byggð verði upp færni á sviði stafrænnar þróunar til að styrkja stöðu Íslands í alþjóðlegri dreifingu og markaðssetningu listviðburða og verka listamanna.

- **Aðgerð 1. Aukin samvinna og virk þátttaka.**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti stendur fyrir reglugum upplýsinga- og samráðsfundum um samstarf og þátttöku í erlendu samstarfi á sviði lista og menningar.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- **Aðgerð 2. Alþjóðleg markaðssókn.**

Íslandsstofa leiðir alþjóðlega markaðssókn skapandi greina undir merkjum „Creative Iceland“, ásamt miðstöðvum og viðkomandi ráðuneytum.

Ábyrgðaraðilar: Íslandsstofa.

- **Aðgerð 3. Kynning á alþjóðlegum lista- og menningarsjóðum.**

Áhersla verður lögð á kynningu á þeim möguleikum sem bjóðast stofnunum, samtökum og einstaklingum til að taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Rannís.

- **Aðgerð 4. Sókn í alþjóðlegu starfi**

Aukin áhersla verður lögð á að gera listamönnum og listahópum kleift að koma verkum sínum á framfæri erlendis með ferða- og flutningsstyrkjum og þess

háttar. Jafnframt verður lögð áhersla á stuðningur við framsækin alþjóðleg verkefni á Íslandi, svo sem alþjóðlegar hátíðir, ráðstefnur og aðra alþjóðlega viðburði á öllum sviðum lista eru mikilvægur þáttur í menningar- og mannlífi og alþjóðlegu orðspori Íslands.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

